

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, greiði kr. 42.000 í sekt til ríkissjóðs og komi varðhald í 35 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku á Philips CD104 plötuspilara og 16 „digital“ hljómplötum til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1986.

Nr. 314/1986. **Ákærvaldið**

gegn

Jóhanni Kristni Þór Jónssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru er hann lýsti fyrir héraðsdómara þegar eftir uppkvaðningu gæsluvarðhaldsúrskurðarins hinn 1. þ.m. Gögn málsins bárust Hæstarétti sama dag.

Skilja verður kæru varnaraðila svo að hann krefjist þess að gæsluvarðhaldsúrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 1. desember 1986.

Ár 1986, mánudaginn 1. desember er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómara, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ákærvaldsins hefur verið gerð sú krafa að dómfellda í máli þessu, Jóhanni Kristni Þór Jónssyni, sem í dag hefur verið dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir nauðgun og sætt hefur gæsluvarðhaldi frá 8. október sl., verði gert að sæta gæsluvarðhaldi áfram, til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó ekki lengur en til 1. mars nk.

Er krafan reist á 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974.

Dómfelldi hefur mótmælt kröfunni.

Málavextir:

Dómþoli hefur í dag verið dæmdur til þriggja ára fangelsisvistar fyrir að ráðast á 54 ára gamla konu, Unni Fenger, í gamla kirkjugarðinum við Suðurgötu hér í borg, 6. október sl., og þröngva henni til holdlegs samræðis. Hefur ákærði setið í gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurði sakadóms Reykjavíkur 8. október og úrskurði dómsins 11. f.m. Báðum þessum úrskurðum var skotið til Hæstaréttar Íslands, sem staðfesti þá.

Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 ber að jafnaði að beita sökunaut gæsluvarðhaldi ef ætla má að brot hans varði að minnsta kosti tveggja ára fangelsi.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið rakið þykir verða að taka kröfu ákærvaldsins til greina og gera dómfellda að sæta gæsluvarðhaldi áfram til uppsögu fullnaðardóms í málinu, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. mars 1987, kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómfelldi, Jóhann Kristinn Þór Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til uppsögu fullnaðardóms í máli þessu, þó ekki lengur en til sunnudagsins 1. mars 1987, kl. 17:00.